

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. viðauka reglugerðarinnar:

1. Í stað liðar 9.b kemur nýr liður svohljóðandi:

9.b	Blý í legubökkum og fôðringum fyrir þjöppur, sem innihalda kælimiðil, til notkunar til hitunar, loftræstingar, loftjöfnunar og kælingar	Gildir um 8., 9. og 11. flokk, fellur úr gildi: – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar aðra undirflokka 8. og 9. flokks.
9.b.I	Blý í legubökkum og fôðringum fyrir loftþéttandi spirálþjöppur sem innihalda kælimiðil og hafa uppgefið rafinnafl sem nemur 9 kW eða minna fyrir hita-, loftræsti-, loftjöfnunar- og kælikerfi	Gildir um 1. flokk, fellur úr gildi 21. júlí 2019.

2. Í stað liðar 13.a kemur nýr liður svohljóðandi:

13.a	Blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði	Gildir um alla flokka, fellur úr gildi: – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar alla aðra flokka og undirflokka.
------	---	---

3. Í stað liðar 13.b. kemur nýr liður svohljóðandi:

13.b	Kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	Gildir um 8., 9. og 11. flokk, fellur úr gildi: – 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, – 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk, – 21. júlí 2021 að því er varðar aðra undirflokka 8. og 9. flokks.
13.b.I	Blý í jónalituðum ljóssiuglertegundum	
13.b.II	Kadmíum í undirhúðuðum ljóssiuglerjum, að undanskildum búnaði sem fellur undir 39. lið í þessum viðauka	
13.b.III	Kadmíum og blý í glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1010 frá 13. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í legubökkum og fóðringum fyrir tiltekna þjöppur sem innihalda kælimiðil, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017.
2. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1011 frá 15. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017.
3. Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1009 frá 13. mars 2017 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2017 frá 22. september 2017.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í a-lið 9. tölul. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. febrúar 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.